

Rannsóknir á sviði sérþarfa og fötlunar barna á Íslandi 1970-2002

Gretar L. Marinósson
Kennaraháskóla Íslands

Svara er leitað við spurningum um þróun rannsóknar á sviði sérþarfa og fötlunar barna á Íslandi og stuðst við greiningu á öllum tiltækum rannsóknum á sviðinu á rúmlega þrjátíu ára tímabili. Afmörkun viðfangsefnisins er fræðilega vandasöm en miðað við gefnar forsendur eru rannsókná á sviðinu tæplega 90 og skiptast gróflga í tvo flokka: þær sem unnar eru af klínískum fræðimönnum og þeim sem unnar eru af fræðimönnum á sviði menntamála. Þessi skipting helst að miklu leyti í hendur við viðfangsefni rannsókna, kenningarlega og aðferðafræðilega nálgun og stofnanatengsl rannsækenda. Þannig velja klínískir fræðimenn, sem starfa flestir við stofnanir á sviði heilbrigðis- og félagsmála eða við Sálfræðiskor Háskóla Íslands, oft rannsóknarefni sem tengjast röskunum barna og unglinga til að rannsaka röskunina sem slíka, afleiðingar hennar og mögulegt mat, meðferð eða fyrirbyggingu og beita til þess meginlegum aðferðum byggðum á vissuhyggju. Fræðimenn á sviði menntamála, sem flestir starfa í háskólum sem mennta kennara, Kennaraháskóla Íslands og Háskólanum á Akureyri, velja fremur efni á sviði heildtæks skólastarfs þar sem viðfangsefni eru skoðuð í menntunarlegu samhengi og beita til þess eiginlegum aðferðum byggðum á túlkunarfræði. Sárálítið samstarf er um rannsóknir með fræðimönnum í þessum tveimur flokkum vegna ólíkra kenningalegra sjónarmiða og veikrar stofnanatengsla á sviði rannsókna. Komist er að þeirri niðurstöðu að rannsóknir á sviðinu hér á landi séu að minnsta kosti 20 árum á eftir ámóta rannsóknum í nágrannalöndum. Hvatt er til aukinnar stofnanabindingar rannsóknarstarfs hér á landi, eflingar rannsóknarvirkni þeirra sem starfa að menntamállum og aukinnar þverfaglegar samvinnu á milli stofnana. Í þeirri samvinnu þarf að vera samkomulag um að rannsóknir á börnum með fötlun og víxlverkan þeirra við umhverfi sitt geti ekki byggst á forsendum vissuhyggju um sannleika og hlutlægni heldur þurfi þær að taka mið af kenningum sem gera ráð fyrir því að félagsleg fyrirbæri ráðist í samhengi sínu.

Fátt eitt hefur verið skrifað um rannsóknir hér á landi á sviði sérþarfa og fötlunar barna (sjá þó Gretar Marinósson, 1997)¹. Fjölmargar spurningar leita enn svara: Hvernig hefur þetta rannsóknarstarf þróast á undanförunum árum? Hvað einkennir þá fræðilegu sýn sem fram kemur í rannsóknunum og aðferðafræði þeirra? Hvert er hið stofnanalega samhengi? Hver ákveður hvað skuli rannsakað, hver vinnur rannsóknirnar og hver styður þær og fjármagnar? Hvaða hugmyndir leiða af þessum rannsóknum og af hvaða fræðilega grunni eru þær sprotnar? Hvaða praktíska og fræðilega gildi hafa þessar

rannsóknir fyrir stefnumótendur, fagmenn, starfsmenntastofnanir og aðrar greinar? Hvaða leiðir hafa verið nýttar til að koma niðurstöðum rannsókna til skila hérlendis og erlendis? Hvaða áhrif hafa rannsóknir á sérkennslu og fötlun barna haft á framkvæmd sérkennslu og umfjöllun um börn með fötlun og sérþarfir? Hverjir eru styrkleikar og veikleikar rannsókna og hvaða svið hafa ekki verið könnuð eða þarfnast frekari vinnslu?

Enn sem komið er skortir traustar vísendingar til að svara öllum ofangreindum spurningum á viðunandi hátt. Hér er gefið

¹ Grein um rannsóknir á sviði sérkennslu á Íslandi (Gretar L. Marinósson, 1997) varð upphaflega til vegna beiðna erlendis frá um yfirlit yfir stöðu mála hérlendis til samanburðar við aðrar norrænar þjóðir. Það yfirlit um rannsóknir á sviði sérþarfa og fötlunar barna sem hér er veitt var unnið af ámóta tilefni (sjá Gretar L. Marinósson, 2003) og er bót á því fyrra að því leyti að það byggir á gagnagrunni um allt sem skrifað hefur verið um sérkennslu og fötlun barna hér á landi frá upphafi, þar með taldar allar rannsóknir (Sigurður Fjalar Jónsson og Gretar L. Marinósson, 2003).

almennt yfirlit yfir rannsóknir á tímabilinu 1970-2002, byggðar á gagnagrunni sem unnin var sérstaklega í þeim tilgangi (Sigurður Fjalar Jónsson og Gretar L. Marinósson, 2003), og nokkrar tilgátur ræddar um þróun þeirra í samhengi við opinbera stefnumótun og stofnanalega umgjörð rannsókna hér á landi. Ekki gefst tækifæri að svo stöddu til að skoða einstakar rannsóknir eða áhrif rannsókna almennt á menntamál.

Afmörkun viðfangsefnisins

Ýmsir erfiðleikar fylgja því að afmarka viðfangsefnið. Ekki er fyrirfram ljóst hvað telja má til sérþarfa eða fötlunar barna eða hvernig hugtökin sérþarfir og fötlun tengjast fræðilega. Afmörkunarerfiðleikarnir birtast meðal annars í eftirfarandi spurningum sem tíðum eru fram settar: eru hegðunarerfiðleikar barna í skóla eða félagslegir erfiðleikar barna utan skóla taldir til sérþarfa, fötlunar eða hvorugt? Á að telja hér með erfiðleika sem stafa af sérstöðu vegna trúarbragða, tungumáls eða afburðanámsþæfni? Eru sérþarfir viðfangsefni skólakerfisins og fötlun viðfangsefni félagslega kerfisins?

Nokkru auðveldara er að skilgreina sérkennslu þegar hún er aðgreind frá almennri kennslu en ekki jafn létt þegar allur stuðningur við nemendur í almennum skólum er talinn vera sérkennsla. Á að fjalla um aðlögun námsefnis fyrir einstaklinga í almennum bekk, svonefnda nýbúakennslu, frímínútnagæslu fyrir nemendur sem annars kunna að hlaupa heim, táknmálstúlkun, þjálfun í notkun hvíta stafsins eða sérstakt heimanám þeirra nemenda sem ekki fylgja hraða bekkja-rins? Hvað er sérkennsla? Um hvaða aldursþóp ætti helst að fjalla? Ætti umfjöllunin að afmark-ast við rannsóknir í skólakerfinu eða einnig rannsóknir á endurhæfingu í heilbrigðis- og félagslega kerfinu? Engin einhlít svör eru til við þessum

spurningum.

Í samræmi við tilgang þessa yfirlits eru rannsóknir á sviðinu skilgreindar sem kerfisbundnar tilraunir til að afla þekkingar á skerðingu sem hefur áhrif á nám barna og á viðbrögðum skólakerfisins við sérþörfum í námi. Viðbrögð skólakerfisins, sem fela í sér sérstakar bjargir, við námserfiðleikum (vegna skerðingar af ýmsu tagi) eru oftast nefnd sérkennsla. Hún hefur þann tilgang að vinna gegn fötlun og koma til móts við sérþarfir í námi. Yfirlitið er þess vegna jafnt um rannsóknir sem fjalla um einstaklinginn og skerðingu hans og um opinbera kerfið og viðbrögð þess. Aldursviðmiðunin er 2-18 ára skólanemendur en rannsóknir á þeim utan skóla eru ekki taldar. Samskipti og félagslegir erfiðleikar í skóla eru þó ekki meðtalin, nema þau hafi bein áhrif á nám. Þrátt fyrir afmörkun sem þessa eru fjölmörg álitamál við val á rannsóknum í gagnagrunninn og í yfirlit sem þetta.

1. tafla. Fjöldi rannsókna flokkaðar eftir tímabilum og faghópum (Innan sviga: Þar af rannsóknarritgerðir.)

	1971- 1980	1981- 1990	1991- 2000	2001- 2002	Alls
Rannsóknir unnar af fagmönnum í menntamálum	3 (3)	11 (6)	32 (19)	9 (8)	55 (36)
Rannsóknir unnar af klínískum fagmönnum	3 (2)	3 (0)	12 (0)	4 (0)	23 (2)
Alls	6 (5)	14 (6)	44 (19)	13 (8)	88 (38)

Yfirlit yfir rannsóknir

Við skoðun á gagnagrunninum vöknudum fyrst spurningar um þróun rannsóknastarfsemi í tíma og hver hefði unnið einstakar rannsóknir. Tveir flokkar rannsakenda voru mest áberandi: Fagmenn í menntamálum (kennarar og þroskaþjálfar) og klínískir fagmenn (sál-

fræðingar og læknar).

Í ljós kom að engar rannsóknir voru unnar fyrir 1970 að einni undanskilinni (stöðlun greindarprófs Matthíasar Jónssonar, snemma á sjötta áratugnum). Eftir 1970 þrefaldast fjöldi rannsókna á hverjum áratug miðað við þann á undan.² Þetta vekur spurningar um hvernig þróuninni beri saman við á móta rannsóknarstarf í nágrannalöndum okkar að því er varðar upphaf og fjölda á hverju tímabili þar eftir.

Meirihluti rannsóknanna eru gerðar af einstaklingum eða hópum en einungis þrjár eru að frumkvæði opinberra aðila svo sem ráðuneyta. Tveir þriðju hlutar rannsókna eftir 1980 eru unnar af fagmönnum í menntamálum og einn þriðji af klínískum fagmönnum. Helmingur þeirra rannsókna sem unnar eru af fyrri hópnum eru námsverkefni (meistaraprófs- eða doktorsprófsverkefni eða sambærileg) en einungis lítill hluti þeirra sem unnar eru af síðari hópnum. Þetta vekur spurningar um hvað stuðli að rannsóknarvirkni hvers hóps um sig.

Rannsóknaviðföng og kenningaleg nálgun

Við greiningu kemur í ljós að rannsóknirnar í grunninum hafa tvö meginviðföng sem byggja á ólíkum kenningalegum nálgunum. Annað viðfangið er klínísk rannsókn á einstaklingum og líkamlegum og sálrænum röskunum eða skerðingum þeirra. Rannsóknir á þessu viðfangsefni beinast að lýsingum, flokkunum og skýringum í anda læknisfræðilegra og sálfræðilegra kenninga um frávik frá hinu „eðlilega“. Hér koma fyrir kenningar um greindarskerðingu, athyglisbrest með ofvirkni, lesröskun og einhverfu. Hitt viðfangið er menntunarfræðileg rannsókn á viðbrögðum skóla við fjölbreytni nemenda svo sem þeirri sem felst í aldri, kynferði, áhugamálum, menningu, námsárangri, eða fötlun. Rannsóknir

af þessu tagi beinast að afmörkuðum þáttum sérkennslu, svo sem tiltekinni kennslutílhögun eða sérstökum kennsluaðferðum eða að heilum stofnunum eða menntakerfum og tilraunum þeirra til að mæta þörfum nemenda með fötlun án aðgreiningar frá öðrum nemendum. Þessar rannsóknir byggjast oftast á félagslegri hugsmíðahyggju, kenningum um táknbundin samskipti, merkingu (labelling) á einstaklingum eða kenningum sem leita skýringa á fyrirbærum, svo sem því ferli sem stuðlar að félagslegri þátttöku (inclusion) eða aðgreiningu í sögulegu og félagslegu samhengi. Í anda klínísku nálgunarinnar má orða það svo að nemandi sé talinn erfiður en í anda menntunarfræðilegu nálgunarinnar að hann lendi í erfiðleikum (Haug 1998; Emmanuelsson, Persson et al. 2001). Klíníska nálgunin mundi líklega falla undir það sem oft er nefnt læknisfræðilega líkanið eða einstaklingslíkanið í umfjöllun um fötlun en menntunarfræðilega nálgunin undir félagslega líkanið (sjá Rannveig Traustadóttir, 2003, bls. 24-34).

Einstaklingslíkanið eða læknisfræðilega líkanið er aðlaðandi fyrir rannsóknaraðila þar eð það er byggt á hefðbundnum aðferðum raunvísinda og beinir sjónum sínum að skýrt afmörkuðum viðföngum svo sem einstaklingum og skilgreindum flokkum „raskana“. Félagslega líkanið er flókinn rannsóknarvettvangur sem felur í sér sjónarhorn ýmissa þátttakenda (nemenda, foreldra, kennara, þroskaþjálfara og skólastjórnenda), ýmis ferli (félagsleg hugsmíðaferli, vinnuferli stofnana), afrakstur (t.d. námsárangur) og menningu (t.d. stofnanamenningu skóla). Innan þessa líkans eru sérþarfir í námi og sérkennsla rannsökuð í samhengi við almennt skólastarf og almenna þjónustu, sem tengist og skarast við önnur rannsóknarsvið (Haug 1998). Því er það stundum nefnt samhengislíkanið.

Það er ekki endilega gefið að rannsóknir sem einskorða sig við einstaklinga eða klínískt starf beiti meginlegum aðferðum

² Enn er ekki ljóst hvernig yfirstandandi áratugur lítur út en vitað er um allmörg rannsóknarverkefni á sviðinu sem lokið var á yfirstandandi ári eða unnið er að. Þar má telja rannsókn á reynslu ungmenna með fötlun, rannsókn á menntun nemenda með þroskahömlun og rannsókn á faraldsfræði og undirflokkum ýmissa raskana. Það má því búast við að fjölgun rannsókna muni halda áfram.

og rannsóknir sem beinast að menntun noti eigindlegar aðferðir, en þó virðist vera ákveðin hneigð í þessa átt. Rannsakendur sem skoða klínísk viðfangsefni, sálfræðingar og læknar, beita aðallega meginlegum aðferðum þótt þar með fljóti einnig einhver viðtöl eða vettvangsathuganir þar sem flokkar eru ekki skilgreindir fyrirfram. Helmingur rannsóknanna sem menntunarfræðingar vinna eru byggðar á meginlegum aðferðum en hinn helmingurinn á eigindlegum aðferðum. Einnig eru nokkur verkefni unnin með aðferðum starfendarannsókna. Það sem virðist ráða aðferðafræðinni er því starfsmenntun rannsakendanna.

Hvað skýrir núverandi stöðu?

Yfirlitið sem hér er gefið vekur ýmsar spurningar eins og áður er getið. Hvers vegna hófust rannsóknir á sviði sérþarfa og fötlunar barna svo seint hér á landi í samanburði við nágrannalönd? Hvað hefur stuðlað að fjölgun rannsókna á þeim þrjátíu árum sem um er rætt? Hvernig má skýra tvískiptingu rannsóknasafnsins í klínískar og menntunarlegar rannsóknir? Ástæða er til að reyna að svara þessum spurningum hér.

Íslensk menntastefna

Þrátt fyrir yfirlýsingar stjórnáráðamanna á tyllidögum einkenndist tuttugasta öldin af almennu áhugaleysi um menntamál sem pólitísku viðfangsefni, einkum að því er varðar skólastigin á undan háskóla (Gretar L. Marinósson, 2002).³ Þrátt fyrir almenna hagsæld þjóðarinnar á síðari hluta aldarinnar vorðu Íslendingar minna fé til menntamála en nágrannaþjóðir (1996). Breytingar og þróun hafa, að því er virðist, verið komnar undir tímabundnum áhuga og eljusemi einstakra menntamálaráðherra (sjá t.d. 1991; 1998), áhrifa innlendra þrýstihópa (sjá t.d. Kennarasamband Íslands, 2002) og

samþykktu erlendra samtaka eða stofnana (sjá t.d. Ragnar Aðalsteinsson, 1990) fremur en langtímastefnumörkun ríkisstjórna. Menntamálaráðuneytið viðurkenndi til dæmis stefnuna um menntun án aðgreiningar í kjölfar Salamanca yfirlýsingarinnar (UNESCO 1994) þar sem öll börn á grunnskólaaldri eru talin eiga rétt á að ganga í heimaskóla án tillits til sérþarfa sinna eða fötlunar. Í Aðalnámskrá grunnskóla er þetta orðað svo að „grunnskólanum [sé] skylt að mennta öll börn á árangursríkan hátt“ (1999). Af sömu ástæðu birtist orðið sérkennsla ekki í grunnskólalögum (1995). Engu að síður er reglugerð um sérkennslu enn í gildi (1996) og grunnskólar fá víðast hvar sérstakt kennslumagn vegna sérkennslu. Jöfnunarsjóður sveitarfélaga deilir út fjármagni sem eyrnamerkt er fötludum börnum, Kennaraháskóli Íslands býður framhaldsnám í sérkennslufræði og fagfélag sérkennara starfar enn. Reykjavíkurborg hefur markað stefnu um einstaklingsmiðað nám og samvinnu nemenda (Sigrún Magnúsdóttir, Sigrún Elsa Smáradóttir et al. 2002) þótt margir kennarar telji hana óraunsæja (Arthur Morthens and Gretar L. Marinósson 2003) eða í mótsögn við skóla án aðgreiningar (Sigurlaug Bjarnadóttir 2003). Mótsagnir eru því víða innbyrðis í opinberri stefnu á þessu sviði og á milli stefnu og framkvæmdar. Jafnframt eru viðbrögð skólakerfisins við nemendum með sérþarfir og fötlun afar ólík eftir skólastigum, svæðum, skólum og einstaklingum þar sem klíníska líkanið og menntunarlíkanið takast á í daglegu starfi. Ekki er því að undra þótt rannsóknarsviðið einkennist af ólíkum fræðilegum nálgunum.

Opinber rannsóknarstefna og stofnanabinding rannsókna

Engin opinber stefnumörkun er til að því er varðar rannsóknir á þessu sviði fremur en á sviði menntamála almennt. Því hefur stefna og framkvæmd verið í höndum ein-

³ Rétt er að geta einstakra undantekninga svo sem setningu laga um skólaskyldu og laga um grunnskóla, stofnun skólarannsóknardeildar menntamálaráðuneytis, stofnun fjölbrautaskóla, flutning kennaramenntunar á háskólastig og flutnings grunnskólans til sveitarfélaga.

staklinga, fagfélaga, sjóða og stofnana. Í rannsóknargrunninumerueinungisþrjú verkefni sem fjármögnuð eru af opinberum stofnunum, svo sem menntamálaráðuneyti. Innlendir sjóðir til rannsókna á þessu sviði hafa því verið afar takmarkaðir en leit einstaklinga og hópa til alþjóðastofnana, svo sem Evrópusambandsins og innlendra einkafyrirtækja bendir til þess að með mikilli vinnu sé hægt að afla viðbótarfjár.

Ef rannsóknarstarf á að eiga framtíð þarf að stofnanabinda það. Í því getur falist að efla og varðveita þekkingu og færni starfshóps sem sinnir rannsóknum, að stofna rannsóknarstöður, að skapa möguleika á útgáfu og samvinnu og að síðustu að tryggja tengsl við vettvang þar sem rannsóknarniðurstöður eiga að nýtast (sjá Geiger 1993). Að hvaða marki hefur þessum skilyrðum verið náð á sviði sérþarfa og fatlana hér á landi?

Faghóparnir tveir sem skilgreindir eru sem rannsakendur í yfirlitinu að ofan voru tengdir tvenns konar starfsvettvangi og tvenns konar stofnunum. Klínísku fagmennirnir voru flestir starfandi á Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, Barna- og unglíngageðdeild Landspítala háskólasjúkrahúss eða við sálfræðiskor Háskóla Íslands. Menntunarfagmennirnir voru flestir tengdir Kennaraháskóla Íslands eða kennaramenntunardeild Háskólans á Akureyri. Það virðist vera sjaldgæft að einstaklingar vinni rannsóknir ef þeir eru ekki tengdir opinberum stofnunum sem heimila rannsóknir eða hvetja starfsmenn sína til rannsókna.

Að því er varðar þekkingu og færni á sviði rannsókna hafa flestir íslenskir sálfræðingar hlotið menntun í aðferðafræði rannsókna í grunn- og framhaldsnámi sínu hérlandis og erlendis. Barnalæknar og geðlæknar hafa notið góðs af þessari þekkingu í rannsóknarsamvinnu við sálfræðinga. Undanfarin ár hafa jafnframt allmargir kennarar, sálfræðingar, félagsfræðingar og þroskaþjálfar lokið doktorsverkefnum erlendis á sviði sérþarfa og fatlana barna. Þó höfðu fáir kennarar menntað sig í rannsóknum fyrr en rannsóknartengt framhaldsnám hófst við Kennaraháskóla Íslands 1994. Námsverkefni eru haldin þeim

annmörkum að framhald á rannsóknum viðkomandi er háð starfslegri og fjárhagslegri aðstöðu hans eða hennar að námi loknu. Þannig eru meistaraþrófsverkefni oft einu rannsóknirnar sem kennarar vinna á ævinni og verða því ekki hluti af þróun þekkingargrunns á tilteknu sviði nema aðrir taki að sér að tengja þær efnislega inn í grunninn.

Rannsóknir klínískra fagmanna hafa að mestu verið unnar í stofnunum sem byggja starf sitt á læknisfræðilegum forsendum, svo sem Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins og Barna- og unglíngadeildar Landspítala háskólasjúkrahúss. Rannsóknirnar snúast margar um fötlunarflokka eða flokka raskana og faraldsfræði þeirra. Þessi verkefni tengjast ídulega öðrum verkefnum í sálfræðiskor Háskóla Íslands þar sem unnin eru skimunar- eða greiningartæki vegna slíkra raskana. Í gegn um markaðssetningu þessara tækja og námskeið um raskanir barna hafa þessir aðilar, sem að öðru leyti starfa við félagslega- eða heilbrigðisþjónustu, umtalsverð áhrif á skilning kennara og annarra starfsmanna skóla á sérþörfum og fötlun. Rökrænn tilgangur slíkra rannsókna er að hver flokkur raskana eða fötlunar hafi sína eigin sérdeild (samanber sjúkradeild) með sérþjálfun og sérhæft starfsfólk þar sem hægt sé að rannsaka nemendur nánar og leita leiða til að laga röskun þeirra. Þetta minnir á tímabilið 1950-1980 þegar uppbygging sérkennslunnar var sem mest hér á landi (sbr. einnig Emmanuelsson, Persson o.fl. 2001).

Vettvangur til birtingar rannsóknagreina er ekki fjölskrúðugur þar sem fleira en eitt vísindatímarit og fagtímarit hafa lagt upp laupana á undanförunum árum (Félagsrit, Tímarit Háskóla Íslands, Heimili og skóli, Ný menntamál). Uppeldi og menntun, Tímarit Kennaraháskóla Íslands og Glæður, tímarit um uppeldis- og skólamál hafa nú haldið út í áratug, annað með háskólastofnun og hitt með fagfélag sérkennara að bakhjarli. Sem betur fer hefur netritið Netla nýlega bæst við á vegum KHÍ og svo þetta Tímarit félags um menntarannsóknir sem vonandi á framtíð fyrir

sér. Því miður er það þó svo að framgagnskerfi háskólakennara hvetur þá fremur til að birta á ensku í alþjóðlegum tímaritum á en í íslenskum ritum.

Þetta tengist spurningunni um hvaða árif rannsóknir á sviði sérþarfa og fatlana, eða menntamála almennt, hafi á þjálfun, uppeldis- og skólastarf. Svar við þessari spurningu byggist ekki á rannsóknum því þær eru ekki til, en af reynslu má fullyrða að áhrif rannsókna á skipulag skólamála, kennsluáferðir eða persónuleg samskipti við nám og kennslu séu takmörkuð (Gretar L. Marinósson, 1997). Ein ástæða er sú að rannsóknir eru ekki nægilega vel tengdar inn í menningu þeirra stofnana sem gætu nýtt sér niðurstöðurnar. Fáar rannsóknir eru gerðar að frumkvæði skóla með fulltingi aðila sem kunna til verka við rannsóknir. Jafnvel þar sem slíkt hefur verið gert, t.d. við starfendarannsóknir, hafa viðkomandi skólar ekki hagnýtt þekkingu sem þannig fæst eða stofnanabundið hana. Fleira þarf því að koma til svo sem aukin meðvitund kennara um gildi rannsókna.

Kennarar og skólar, sem oftast eru fyrst og fremst uppteknir af líðan og samskiptum nemenda sinna, leita fremur að hugmyndum að æskilegum breytingum á starfi sem byggðar eru á siðrænum meginreglum fremur en lýsingum eða greiningu á rannsóknargögnum úr skólastarfi. Kennaranám einkennist jafnframt meira af kennsluáferðum en rannsóknarhugsun og rannsóknarhluti starfs þeirra sem vinna í kennaraháskóla hefur tilhneigingu til að hverfa í yfirvinnu. Þetta síðasta hefur löngum verið útskýrt með lélegum launum háskólakennara sem bæta þurfti upp með yfirvinnu, en með launahækkunum í síðustu kjarasamningum á það ekki lengur við aðra en þá sem yngstir eru í starfi. Þess í stað þarf að leita skýringa í stofnanalægum gildum KHÍ, venjubundnum vinnubrögðum og takmarkaðri rannsóknarþekkingu og –færni kennara. Hið nýja framgagnskerfi er smám saman að hafa áhrif í þá átt að hvetja kennara til aukinna rannsókna og birtinga.

Meginniðurstöður

Enda þótt sérþarfir og fötlun sé það svið menntarannsókna þar sem virkni hefur að líkindum verið einna mest hér á landi þá eru rannsóknirnar færri en eitt hundrad á síðustu 30 árum. Þar sem fjöldinn er svo takmarkaður og flestar rannsóknanna tengdar einstaklingum er erfitt að fjalla um hneigð í rannsóknum á sviðinu. Engu að síður má sjá grófa tvískiptingu þeirra rannsókna sem hér eru til skoðunar; annars vegar er flokkur rannsókna sem tengist hugmyndum um heildtækt skólastarf og hins vegar flokkur sem tengist hugmyndum um klíníska skoðun einstakra flokka fötlunar.

Í ljósi þess að stofnanabinding menntarannsókna er veikburða vegna takmarkaðra fjármuna, skorts á þjálfuðum rannsókendum og fáum og smáum rannsóknarstofnunum, er nauðsynlegt fyrir rannsakendur á einstökum sviðum að vinna saman. Gögnin sem hér eru til skoðunar benda til þess að hingað til hafi samstarf verið takmarkað. Rannsakendur virðast aðgreindir í þrjá hópa sem hafa nokkurt samstarf innbyrðis en lítið sín á milli: háskólakennara í sálfræði við HÍ, sálfræðinga og lækna við Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins og Barna- og unglingsgeðdeild Landspítalans og að lokum nemendur og kennara við KHÍ og HA. Ástæður eru ekki ljósar en tengjast eflaust annars vegar hinu veikburða stofnanasamhengi sem áður er nefnt og hins vegar þeim ólíku kenningarlegu áherslum sem ríkja meðal þeirra sem aðhyllast annars vegar einstaklingslíkanið um fötlun og hinna sem aðhyllast hið félagslega líkan. Þessi tvískipting rannsóknarsamfélagsins kemur fram í meðlimatali nýstofnaðs Félags um menntarannsóknir þar sem sálfræðingar sem rannsaka fötlun og áhrif hennar á nám eru ekki á skrá enn sem komið er.

Að lokum er óhætt að slá því föstu að rannsóknarstarf hérlendis á sviði sérþarfa og fötlunar sé á eftir þróuninni á öðrum Norðurlöndum sem nemur að minnsta kosti 20 árum. Ef borið er saman við þróun rannsókna á sviðinu í Bretlandi og Bandaríkjunum erum við ef til vill á ámóta stigi og þessar þjóðir voru fyrir 40 árum.

Hvert skal haldið?

Hér er ekki lagt til að rannsóknir á sviði sérþarfa og fötlunar skuli unnar aðgreint frá öðrum rannsóknum í menntunarfræði, félagsfræði eða sálfræði. Þvert á móti tel ég mikilsvert að rannsóknir á þessu sviði séu skilgreindar sem hluti af rannsóknum á menntun almennt og öðrum félagslegum viðfangsefnum. Ein ástæða er það sjónarmið að litið skuli á sérþarfir og fötlun sem hluta af mannlegri fjölbreytni sem vinna skuli með í almenna kerfinu; önnur ástæða er smæð samfélagsins og takmarkaðir möguleikar til að stofnanabinda rannsóknir á afmörkuðum sviðum; þriðja ástæðan er sú að samkeppni um rannsóknarfé fer vaxandi og þar eiga hópar rannsækenda, einkum þverfaglegir hópar, mun meiri möguleika en einstaklingar. Í slíkri samvinnu þurfa rannsækendur að komast að samkomulagi um kenningalegar áherslur. Þar sem áhersla er lögð á styrk einstaklinga með fötlun fremur en veikleika þeirra og sjónum beint að tilreunum opinberra þjónustukerfa við að koma til móts við þarfir þeirra ættu rannsóknir að vera unnar í félagslegu samhengi og beinast að félagslegum aðstæðum barna og unglinga jafnt sem að börnunum sjálfum og víxlverkan þessara áhrifaþátta. Rannsóknaraðferðir sem beitt er við rannsóknir á félagslegu samhengi og víxlverkan einstaklings við umhverfi sitt geta ekki byggst einvörðungu á forsendum vissuhyggju um sannleika og hlutlægni heldur þurfa þær ekki síður að hafa þær kenningar í forgrunni sem gera ráð fyrir því að félagsleg fyrirbæri ráðist í samhengi sínu.

Við þörfumst rannsóknna sem lýsa, greina, meta og leita úrlausna á fjölmörgum viðfangsefnum: Athygli okkar þarf að beinast að því að skoða reynslu barna og unglinga með sérþarfir og fötlun og hvernig samfélagið bregst við stöðu þeirra og þörfum. Við eigum að leita svara við spurningum eins og hvaða gildi speglast í stefnu, hvernig stefna samræmist framkvæmd, hvaða afleiðingar núverandi framkvæmd hefur, hvernig skýra megi núverandi ástand og hvernig ná megi menntunarmarkmiðum þjóðarinnar. Það er þörf á rannsóknum á sviði

félagslegrar stefnumótunar sem afla yfirsýnar og fara í saumana á ákvörðunum stjórnvalda. Við þurfum að beita langtímarannsóknum til að rannsaka nám sem ævilangt ferli og bera niðurstöður saman við ámóta rannsóknir í öðrum löndum. Samvinna er mikilvæg meðal rannsækenda í félags-, heilbrigðis- og menntastofnunum. Til þess þurfa þeir að tala saman um hugmyndir sínar. Brýn þörf er því fyrir regluleg rannsóknarþing þar sem tekist er á um álitamál.

En áður en nokkuð af ofangreindu verður unnið þarf að hvetja og efla rannsóknarvirkni þeirra sem starfa við menntamál. Í þessu felst að efla færni og bæta aðstæður þeirra sem sinna eða gætu sinnt rannsóknum, meðal annars tengsl þeirra við vettvang skólastarfs og möguleika þeirra til samvinnu og útgáfu. Mikilvægast á þessu stigi er að venja fleiri einstaklinga við rannsóknarhugsun og rannsóknarvinnubrögð og hjálpa þeim að breyta vinnuvenjum sínum í þá átt.

Þótt erfitt sé að fullyrða nokkuð um svið svo ókannað sem menntarannsóknir á Íslandi,⁴ eru líkur á að sú saga sem hér er sögð af rannsóknum á sviði sérþarfa og fötlunar barna síðast liðin 30 ár eigi við um rannsóknir á fleiri undirsviðum menntarannsókna: að þær séu einangraðar, viðkvæmar plöntur sem spretta fremur tilviljanakennt að frumkvæði og undir verndarvæng duglegra einstaklinga og hverfa síðan gjarnan í næsta áhlaupi. Ef svo er eiga íslenskir rannsækendur mikið starf fyrir höndum að stofnanabinda rannsóknarstarf sitt svo að byggja megi upp langtíma þekkingargrunn sem nýta má til ákvarðanatöku í menntamálum. Slíkur grunnur þarf meðal annars að innihalda kenningar og orðræðu sem eiga við íslenskar aðstæður svo smám saman megi þróa tungumál um rannsóknir í menntamálum hér á landi.

Heimildir

Aðalnámskrá grunnskóla. Almennur hluti (1999). Reykjavík: Menntamála-ráðuneytið.

⁴ Þegar þetta er skrifað er verið að vinna að yfirlitskönnun á stöðu menntarannsókna á Íslandi.

- Arthur Morthens og Gretar L. Marinósson (2003). *Árangursríkt skólastarf og skóli fyrir alla*. NordSpes <http://www.nordspes.org/> (Norrænn vefur um sérkennslumál skoðaður 21.11. 2003).
- Emmanuelsson, I., B. Persson, et al. (2001). *Forskning inom det specialpedagogiska området - en kunnskapsöversikt*. Stockholm: Skolverket.
- Enn betri skóli. *Þeirra réttur - okkar skylda. Grundvöllur endurskoðunar aðalnámskrár* (1998). Reykjavík: Menntamálaráðuneytið.
- Geiger, R. L. (1993). *Research and relevant knowledge. American research universities since World War II*. New York: Oxford University Press.
- Gretar L. Marinósson (1997). Special educational research in Iceland. *Special educational research in an international and interdisciplinary perspective. A documentation from a conference in Stockholm, 1996*. Department of special education, Stockholm Institute of Education.
- Gretar L. Marinósson (2002). *The response to pupil diversity by a compulsory school in Iceland*. Óútgefin doktorsritgerð, Institute of Education University of London.
- Gretar L. Marinósson (2003). Specialpædagogisk forskning i Island - problemstillingar, erfaringer og perspektiver. *Specialpædagogisk forskning i Norden*. Poul Skov. København: Psykologisks Pædagogisk Rådgivning. 40: 226-239.
- Haug, P. (1998). Integration and special education research in Norway. *International Journal of Educational Research* 29: 119-130.
- Kennarasamband Íslands (2002). *Skólastefna Kennarasambands Íslands*. Reykjavík: Kennarasamband Íslands.
- Lög um grunnskóla nr. 66/1995*.
- Ragnar Aðalsteinsson (1990). Alþjóðlegir mannréttindasáttmálar og íslenskur landsréttur. *Tímarit lögfræðinga* 1990 (Júní): Sérprentun.
- Rannveig Traustadóttir (Ritstj.) (2003). *Fötlunarfræði. Nýjar íslenskar rannsóknir*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Reglugerð um sérkennslu nr. 389/1996*.
- Sigrún Magnúsdóttir, Sigrún Elsa Smáradóttir, et al. (2002). *Stefna Fræðsluráðs Reykjavíkur um sérkennslu*. Reykjavík: Fræðslumiðstöð Reykjavíkur.
- Sigurður Fjalar Jónsson & Gretar L. Marinósson (2003). *Gagnagrunnur um rannsóknir í sérkennslu á Íslandi 1970-2002*, <http://serkennslurann-soknir.khi.is/>. Reykjavík: Kennara-háskóli Íslands.
- Sigurlaug Bjarnadóttir (2003). *Einstaklingsnámskrár. Athugun á notkun þeirra fyrir sex nemendur með sérþarfir*. Óbirt M.Ed. ritgerð við Kennaraháskóla Íslands.
- Til Nýrrar aldar. *Framkvæmdaáætlun menntamálaráðuneytisins í skólumálum til ársins 2000*. Reykjavík: Menntamálaráðuneytið (1991).
- Tölfræðihandbók um menntun og menningu*. Reykjavík: Menntamálaráðuneytið (1996).
- UNESCO (1994). *Final report. World conference on special needs education: access and quality*. Salamanca, Spain: UNESCO and the Ministry of Education and Science.